

Skipulagsstofnun  
Unnsteinn Gíslason  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. desember 2010  
Tilvísun: UST20101000102/ksj

### **Breyting á deiliskipulagi tjald- og þjónustusvæðis á Flúðum, Hrunamannahreppi.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 25. október sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort umsögn dags. 3. september 2010 um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003 – 2015 myndi einnig eiga við um deiliskipulagsbreytingu dags. 20.09.2010, er varðar tjald- og þjónustusvæði að Flúðum í Hrunamannahreppi. Í ofangreindri umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003 – 2015 eru ekki gerðar athugasemdir við tillöguna.


Ofangreind deiliskipulagsbreyting felur í sér breytingu á tjaldsvæði og þjónustusvæði sem eru tilkomnar vegna breyttrar legu Bræðratunguvegar.


Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að breyttu deiliskipulagi:

Þar sem áætlað tjaldsvæði liggur að fyrirhuguðu íbúðasvæði er mikilvægt að skoðuð verði möguleg hávaðamengun frá tjaldsvæði. Samkvæmt reglugerð um hávaða nr. 724/2008 má jafngildishljóðstig við húsvegg á íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum, sem stafar frá atvinnustarfsemi ekki fara upp fyrir 50dB og ekki yfir 45dB að kvöldlagi (kl. 19 -23) og ekki yfir 40dB á nóttu. Nauðsynlegt er að í deiliskipulagi sé gert ráð fyrir girðingu milli svæðanna og með hliðsjón af mögulegri hávaðamengun frá tjaldsvæði seint á kvöldin og um nætur er mikilvægt að planta gróðri í belti meðfram þeirri girðingu eða á annan hátt mynda hlutlaust svæði. Slíkt hlutlaust svæði myndi vinna gegn hávaðamengun þar sem fjarlægð milli tjaldsvæðis og íbúðabyggðar yrði aukin.

Einnig þyrfti að koma fram í texta með deiliskipulagi að þess verði gætt að aðgengi almennings verði tryggt meðfram Litlu Laxá samanber 23. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd..

Virðingarfyllst

  
Olafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur